

# Heimanámsstefna Engidalsskóla

Í Engidalsskóla er heimanám almennt bara lestur. Miðað er við að nemendur lesi upphátt heima að minnsta kosti í 15 mínútur fimm daga vikunnar.

## Markmið og tilgangur með heimalestri

- Að nemendur þjálfri og auki lestrafærni sína
- Að nemendur auki lesskilning sinn
- Að nemendur auki orðaforða sinn
- Að nemandur læri að njóta þess að lesa

## Heimalestur

Til að ná góðum árangri í lestri er mjög mikilvægt að barnið lesi upphátt heima alla virka daga (raddlestur). Við upphaf lestrarnáms er góð regla að lesa hverja blaðsíðu að minnsta kosti tvisvar sinnum. Slík þjálfun gefur barninu aukna færni í lestri orðmynda, auk þess sem lesturinn verður oftast þjálli þegar sami texti er lesinn öðru sinni. Lesið er í áheyrn fullorðins og kvittað er fyrir áheyrn í þar til gerð kvittanahefti. Áhersla er lögð á að nemendur fái efni við hæfi svo að lesturinn verði sem ánægjulegastur.

Foreldrar eru hvattir til að lesa áfram upphátt fyrir börn sín, jafnvel þó þau séu sjálf farin að lesa. Flest börn ráða einungis við mjög léttan texta í byrjun, en hafa þörf fyrir að vinna með flóknari texta sem fellur betur að þroska þeirra og áhuga. **Lestur foreldra og umfjöllun um textann, eykur orðaforða barnanna og bætir málþroska, en góður málþroski er einmitt einn af grunnþáttum alls náms.**

## Hlutverk foreldra í heimalestri

- Vera jákvæð og skapa barninu góðar aðstæður fyrir heimalestur.
- Sýna barninu stuðning og hvatningu.
- Aðstoða barnið sitt við að skipuleggja heimalesturinn.
- Spyrja út úr textanum og ræða ný orða sem barnið er að kynna.
- Kenna börnunum að taka sjálf ábyrgð á heimanámi sínu smám saman.

# Nokkur atriði sem gott er að hafa í huga

## Friður og ró

- Yngri nemendum (reyndar líka mörgum sem eldri eru) finnst gott að vera í nálægð við einhvern fullorðinn við námið.
- Námið hefur forgang.

## Ekki of seint á kvöldin

- Best er að taka frá fastan tíma til að sinna heimanámi.

## Æfingin skapar meistarann

- Einn tilgangurinn með heimanámi er að endurtaka efni sem þegar hefur verið farið í, það er að þjálfa betur ákveðin atriði.

## Talaðu jákvætt um heimanámið/heimalesturinn

- Mikilvægt er að líta heimanámið jákvæðum augum því jákvætt hugarfar auðveldar flest verk.
- Forðast ber samanburð við systkini eða aðra.
- Mjög mikilvægt er að virða hvern og einn eins og hann er. Jákvæð hvatning hjálpar en of mikil pressa getur skaðað.